Jean Jacques Lebel

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í Kjarvalssal og göngum Kjarvalsstaða hefur verið komið fyrir *mikilli sýningu á verkum franska* listamannsins *Jean Jacques Lebel.*

Sýningin ratar hingað öðru fremur vegna þess að hér er um að ræða einn af góðvinum og félögum Erró í París. Sjálfur hef ég verið nafnkunnur honum frá því þeir Erró voru skólafélagar í Flórenz árið 1954, en hann minntist þá og oft síðar þráfaldlega á Lebel í bréfum sínum. Orða má það svo að ég sé honum mæta vel kunnur, en úr fjarlægri nálægð þó.

Það sem einkennir Lebel öðru fremur, er uppreisnargirni hans gegn ríkjandi þjóðfélagi og listastefnum, en hann fór ekki troðnar slóðir og var eins konar vandræðabarn listarinnar eða „enfant terrible". Fjörkálfur, æringi og maður margvíslegra uppátækja er gaf heiminum langt nef.

Að sjálfsögðu voru athafnir Lebels á listasviði bæði frumlegar og djarfar og hann hreifst fljótt af vissri tegund surrealisma í ætt við André Masson, en hneigðist svo eðlilega að fjarstæðukenndum uppákomum Fluxus-hópsins er hann kom fram. Hann og Erró iðkuðu ýmislegt sprell á þessum árum og frá því var stutt í þær athafnir er voru seinna skilgreindar sem „Happening" og sem Lebel á að hafa átt drjúgan þátt í að gera að marktæku listrænu tjáningarformi í Frakklandi.

Færa má rök að því að þetta listform sé ævagamalt, en varð ekki að viðurkenndu og skipulögðu tjáformi fyrr en á þessum árum. Þannig hneigðist t.d. Kjarval einmitt að svipuðum uppákomum, en þær voru einfaldlega settar í samband við skrítinn mann og gangandi furðufugl, í öllu falli hefði fáum hugkvæmst að tengja sprell hans og fáránleg tiltæki listþörfinni né skapandi athöfnum, sem þau voru einmitt í kjarna sínum. Erró var nákunnur Kjarvali og hafði fjarska gaman af þessari hlið hans, og grunar mig að hann hafi sótt sitthvað í smiðju hans, er hann sjálfur sprellaði opinberlega með Lebel.

Við þekkjum þetta líka hjá öðrum listamönnum, t.d. Dali, en einnig má rekja þörfina til ýmissa furðufugla fortíðar, sem allir þekktu hér áður fyrr, eins og t.d. Sæfinns með sextán skó og Sólon Islandus.

Hér var um að ræða að dýrka hið fáránlega og vera „absúrd" í daglegum athöfnum.

Nú eru 30 ár síðan Fluxus-hreyfingin var stofnuð og vegur hennar hefur aldrei verið meiri en á allra síðustu árum. Nafnið Fluxus persónugerir stefnumörkin, sem vísa til fljótandi athafna – flóði af athöfnum, sjálfráðum sem ósjálfráðum. Með í dæminu var að nota tilfallandi og jafnvel ódýr efni, þ.e. „moyens pauvres", en einnig að taka til handargagns ekta, handfasta hluti, eins og píanó og fiðlur, og gera að fljótandi og fallvöltum veruleika með því að brjóta í mask.

Hjá Lebel þróaðist þetta í að nota tilfallandi hluti úr umhverfinu og breyta merkingum þeirra, gefa hugarfluginu lausan tauminn. Á bak við þetta er ákveðin heimspeki, jafnt forn sem ný. Á gamalt drasl er t.d. límd mynd af tískudrós gærdagsins og þar með samlagast tvær andstæðar víddir, er spenna upp tímaskynið. Tíminn verður fáránlegur og um leið að fljótandi hugtaki.

Lebel var lengi vel virkur og afkastamikill í málverki, gerð rýmisverka og hvers konar uppákomum og mun nokkuð hafa borið á honum í París á þeim tímum ekki síður en Erró, en hann varð heltekinn pólitískum hugsjónum og gerðist einn af forsvarsmönnum '68-kynslóðarinnar svonefndu. Á sama tíma hætti hann að mála og öllum sjónrænum athöfnum um leið.

Fram má koma, að í hönd fóru erfiðir tímar fyrir þessa kynslóð málara í París og ýmsir fleiri félagar Errós sneru baki við myndlistinni og gerðust sumir kennarar. Erró þraukaði við þröngan kost og þetta sagði hann mér fyrir



Jean Jacques Lebel

margt löngu er við vorum síðla nætur á heimleið úr gleðskap og gengum framhjá Lúxemborgargarðinum. Bætti svo við: „Það sem bjargaði mér alveg í þessum hremmingum var að vinur minn lánaði mér peninga til langs tíma. Fáir vita hve erfiðir tímar þetta voru."

Það vill stundum gleymast í skrifum um myndlist að tímalegar hremmingar eiga oft mun meiri þátt í að myndlistarmenn fari í lægð, eða hætti um skeið, en að þeir séu þurrausnir listrænt séð. Það er auðvelt að dæma og beita getspeki í sögulegu samhengi, en hún getur verið alröng og mjög misvísandi fyrir viðkomandi. Aðstæður geta verið sumum hliðholl-

ar en öðrum andstæðar.

Af málverkunum á sýningunni að dæma hefur Lebel verið mikill hæfileikamaður, en hæfileikar hans margskiptir. Stundum gengur dæmið upp eins og t.d. í myndinni sem hann tileinkar Billie Holiday, „Hommage a Billie Holiday", sem að mínum dómi er listrænasta málverk sýningarinnar. Í heild kemur sýningin manni dálítið undarlega fyrir sjónir í fyrstu heimsókn enda er hún dálítið ruglingslega samsett. En er ég kom í annað skipti og í annarri birtu nutu myndirnar sín öllu betur og það svo mjög, að ég varð ekki svo lítið hissa.

Við getum einnig spurt, hver þróunin hefði orðið ef Lebel hefði

Hluthafafundur

Hluthafafundur í Eignarhaldsfélaginu Iðnaðarbankinn h.f. verður haldinn í Súlnasal Hótels Sögu, Reykjavík, föstudaginn 11. desember n.k. og hefst hann kl. 16:00.

Á fundinum verður samrunasamningur félagsins við Íslandsbanka h.f. kynntur og borinn upp til samþykktar, en á aðalfundi 1. apríl s.l. var stjórn félagsins heimilað að undirbúa samruna þess við Íslandsbanka h.f.

Dagskrá

1. *Tillaga stjórnar félagsins um samruna við Íslandsbanka h.f.*
2. *Önnur mál, löglega upp borin.*

Aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum og umboðsmönnum þeirra í Íslandsbanka h.f., Bankastræti 5 (4. hæð), Reykjavík, dagana 8. og 9. og 10. desember n.k., svo og á fundardegi.

Samrunasamningur við Íslandsbanka h.f. ásamt fylgiskjölum og tillögum þeim, sem fyrir fundinum liggja, verða hluthöfum til sýnis á sama stað frá 4. desember n.k.

Reykjavík, 1. desember 1992

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Iðnaðarbankinn h.f.

Íslenskir fossar

Bækur

Haraldur Sigurðsson


Jón Kr. Gunnarsson
Íslenskir fossar
Icelandic Waterfalls
Skuggsjá 1992. 352 bls.

Fossar hafa löngum sett svip sinn á landslagið og eiga sér djúpar og fornar rætur í hugarheimi þjóðarinnar sem bústaðir vætta og jafnvel tröllа, auk þess sem þeir þóttu lengi dálítið rómantískir. Raunar eru þeir ekki annað en vatn, sem streymir, algengt fyrirbrigði víða um lönd, einkum þar sem fjallent er. Það hefur alltaf verið eitthvað seiðandi í hljómfalli þeirra, *formum* og litbrigðum, eitthvað, sem dró hug manna og fætur á fund þeirra. Á meðan rómantíkin var ríkari í hugum manna en hún virðist vera í dag, var foss tilvalinn til ástarfunda og ekki spillti það, að foss rímaði við koss. Sumarnótt við svalan foss./ Hver mun síðuð silkirein/ syngja þar um koss. Svo kvað Matthías Jochumsson ungur. Fossar skipuðu öruggan bekk í skáldskap rómantísku skáldanna. Um Dettifoss hafa kveðið að minnsta kosti þrjú af höfuðskáldum þjóðarinnar, auk minni spámanna. Ekki minnist ég þess, að skáld hinna síðari ára hafi ákveðið fossum markverð kvæði, enda á slík náttúrurómantík líklega minna gengi en fyrr og fremur hugsað um gagnsemi þeirra og kílóvattstundir til orkuvinnslu og annarra framkvæmda, enda margir þeirra í bráðri hættu. En fagur foss á alltaf sitt seiðmagn, hafið yfir tískusveiflur hugarins og tímabundin viðhorf. Bættir vegir og önnur tækni gera mönnum hægara um vik að ná fundi þeirra, búnir fullkomnum ljósmyndatækjum og taka svipmót fossins heim með sér, og þess njóta svo hinir, sem ekki eiga þess kost eða hirða um að kynnast þeim af eigin raun. Mikill fjöldi mynda hefur verið tekinn af helstu fossum landsins. Það væri gaman að vita, hve oft Gullfoss hefur verið myndaður. Slíkar myndir, ein eða fleiri, hafa birst hér heima og erlndis, í blöðum, bókum og tímaritum oftar en nokkur fær talið.

Sigurður heitinn Þórarinsson lét eftir sig drög að bók um íslenska fossa. Þátt úr þeim birti hann í Árbók Ferðafélags Íslands 1977. Það verk var þó komið skammt á veg, þegar hann féll frá. En nú hefur Skuggsjá og Jón Kr. Gunnarsson efnt til mikillar bókar, sem geymir myndir af rúmlega hálfu þriðja hundraði íslenskra fossa.

Myndasafnið hefst í Borgarfjarðarsýslu og fer Glymur þar fyrir. Fer vel á því að hann skipi forsæti, enda löngum talinn hæsti foss landsins. Úr Botnsdal er svo haldið vestur um land og norður, og lýkur hringferðinni í Kjósarsýslu á fossum í Hvalskarðsá í sunnanverðum Botnsdal. Bókinni er allri skipt niður eftir sýslum, og fylgir uppdráttur þeirra allra, hverri fyrir sig, og á hann er markað fyrir hverjum fossi, sem hlýtur mynd af sér í bókinni. Ekki er þess ávallt gætt nægilega, að röð fossanna sé í staðfræðilegum skorðum og ber mest á því í Borgarfjarðarsýslu. Hverri mynd fylgir stuttur lesmálstexti á íslensku og ensku. Hönnun bókarinnar setur honum á vixl helst til þröngan eða víðan stakk. Frásögnin miðar einkum að því, að vísa mönnum greiðustu leið að fossinum frá þjóðvegi eða öðrum stöðum í grenndinni. Drepið er á þjóðsögur og önnur atvik sem tengjast myndunum. Bókinni lýkur á stuttum eftirmála Jóns Jónssonar jarðfræðings og nafnaskrá.

Höfundur bókarinnar tekur fram í formála, að bókin sé ekki unnin „eftir fyrirfram gerðri áætlun um val á fossum, heldur fór valið frekar eftir því hvaða fossar urðu frekar fyrir auga myndavélarinnar við bestu aðstæður og birtu. Þessari bók er ekki ætlað að vera ein allsherjarúttekt á íslenskum fossum, heldur aðeins að



Jón Kr. Gunnarsson

vekja athygli á fögrum og mikilfenglegum stöðum í fjölskrúðugri náttúru landsins". Þó að hér sé kominn saman meiri fjöldi íslenskra fossa en í nokkurri annarri bók, vantar þar auðvitað fjarska marga, eins og höfundur tekur fram í formála. Og þótt hér geti að líta flesta eða alla helstu fossa landsins, geta ekki allir vænst þess að finna eftirlætis fossinn sinn á blöðum þessarar bókar. Ég sakna þess mest, hve höfundurinn er spar á myndavélina, þegar kemur upp á hálendið. Þaðan er varla annað að finna en tvo fossa ofarlega í Þjórsá. Ég vil hér aðeins nefna nokkra fagra fossa ofarlega í Skjálfandafljóti, Gýgjarfoss í Jökulfalli og Hrauneyjarfoss (hann hefur ef til vill verið horfinn, þegar myndatökumaðurinn hóf verk sitt). Allir þessir fossar eru við fjölfarnar leiðir og auðvelt að nálgast þá. Mér þykir líklegt, að sumum þyki fossamyndunum harla misskipt milli héraða. Í bókinni eru 45 fossar úr Borgarfjarðarsýslu, en ekki nema 4 úr Skagafirði og 5 úr Eyjafirði. Margar ástæður geta legið til þessa munar, en sú ef til vill líklegust, að höfundur sé miskunnugur í hinum ýmsu héruðum landsins og að ekki